

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Akratorgsreits.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 13. júní 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Akratorgsreit vegna Hvítanesreits og Suðurgötu 107.

Hvítanesreitir.

Breytingarnar felast m.a. í að lóðirnar 12, 14, 16 og 18 við Kirkjubraut og lóðin nr. 3 við Sunnubraut og hluti af götunni Akurgerði verða sameinaðar í eina lóð, nr. 12 – 18 við Kirkjubraut og nýrri skilgreiningu á byggingareit. Við breytinguna verður Akurgerði lokað varanlega við Kirkjubraut. Breytingin felur í sér heimild til að reisa fjögurra hæða verslunar- og íbúðarhús ásamt geymslu- og bílakjallara, í stað stakra 2½ hæða húsa, á lóðum Kirkjubrautar 14-18. Nýtingarhlutfall lóðarinnar breytist úr 0,8 – 1,15 í 1,8. Lóðirnar nr. 22 við Kirkjubraut og Sunnubraut 7 verða íbúðarlóðir. Kirkjubraut er breytt úr vistgötu í tvístefnugötu.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Suðurgata 107.

Breytingin felst í að lengja byggingarreit á lóð nr. 107 við Suðurgötu úr 12 metrum í 17 metra og að svalir, þakkantur og útitróppur nái út fyrir byggingarreit. Íbúðum í húsinu verði fjölgað úr tveimur í þrjár, þar af verða tvær undir 80 m² og að heimilt verði að setja bílastæði við suðausturenda lóðar.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 4. júlí 2005.

F.h. sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs,

Skúli Lýðsson.